

Skýrsla félagsmálaráðuneytisins um 34. Alþjóðavinnumálapingið.

Þrítugasta og fjórða Alþjóðavinnumálapingið var haldið í Genf dagana 6.—29. júní 1951. Þingsókn var að þessu sinni með mesta móti, og voru það einungis fjögur aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem engan fulltrúa áttu þar. Eitt þessara fjögurra ríkja var Ísland. Alls sátu þingið 603 fulltrúar og sérfræðingar, auk fjórtán félags- og vinnumálaráðherra, sem sátu þingið lengri eða skemmri tíma. Aheyrnarfulltrúar voru frá Japan og Saar. Þá sóttu þingið einnig fulltrúar frá Sameinuðu þjóðunum og ýmsum alþjóðasamtökum, sem eru í sambandi við þær, svo og fulltrúar alþjóðasambanda verkalyðsfélaga, atvinnurekenda og samvinnumanna.

Eins og jafnan áður komu fram mótmæli gegn þingsetu einstakra fulltrúa, en þeim var öllum vísað á bug af kjörbréfanefnd þingsins. Mesta athygli vöktu mótmæli pólsku og tékknesku fulltrúanna gegn þingsetu kínversku Kuomintangstjórnarinnar og urðu allhörð átök um það mál, sem enduðu eins og fyrir var sagt með því, að mótmælunum var vísað á bug á þeim forsendum, að þetta atriði snerti fyrst og fremst Sameinuðu þjóðirnar og ætti því að úrskurðast af þeim.

Á þinginu var samþykkt að veita Japan og Vestur-Þýzkalandi upptöku í Alþjóðavinnumálastofnunina og Júgóslavía, sem áður hafði sagt sig úr stofnuninni, tók þá úrsögn nú aftur áður en hún kom til framkvæmda.

Forseti stjórnar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, Belgíumaðurinn Leon-Eli Troclet, setti þingið og stjórnaði kjöri þingforseta, en fyrir því kjöri varð svissneski fulltrúinn, prófessor Rappard, sem um langt skeið hefur verið fulltrúi Svisslands á Alþjóðavinnumálapinginu.

Dagskrá þingsins var svohljóðandi:

1. Skýrsla framkvæmdastjórans.
2. Fjárhagsmál.
3. Skýrslur aðildarríkjana um framkvæmdir á samþykktum.
4. Markmið og lágmarkskröfur í tryggingamálum (fyrri umræða).
5. Samband atvinnurekenda og verkamanna þ. á m. heildarsamningar og frjálsar sællir og gerðir í vinnudeilum (síðari umræða).
6. Samvinna milli opinberra stjórnvalda og félagsamtaka atvinnurekenda og verkamanna (fyrri umræða).
7. Jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf (síðari umræða).
8. Lágmarkslaun landbúnaðarfólks (síðari umræða).
9. Orlof landbúnaðarfólks (fyrri umræða).

Auk þessa fóru fram umræður á þinginu um nokkrar tillögur varðandi starfs-hætti stofnunarinnar o. fl. og einnig fór fram kosning stjórnar til næstu þriggja ára.

Hér á eftir verður gerð nokkur grein fyrir gangi hvers einstaks máls á þinginu, og er þar stuðzt við skýrslu þá, sem Alþjóðavinnumálaskrifstofan hefur gefið út um þingið, svo og skýrslur sendinefnda hinna Norðurlandanna.

Samþykktir þær og álitgerðir, sem þingið afgreiddi, eru prentaðar sem fylgiskjal með skýrslu þessari.

1. Skýrsla framkvæmdastjórans.

Það hefur verið venja um nokkurt skeið, að skýrsla framkvæmdastjórans fjallaði um einhvern þátt félagsmála og hafa umræður þá einkum snúizt um það efni. Að þessu sinni fjallaði skýrslan um launamál og atvinnu. Dregin var upp mynd af þróuninni í launamálapolitik undanfarinna ára og gerð grein fyrir þeim

mismunandi skoðunum, sem ríkt hafa um það, hvernig bezt yrði borgið hagsmunum verkamanna og þjóðfélagsins. Þá eru og í skýrslunni gerðar tillögur um grundvöll að stefnuskrá í þessum málum. Í stuttu máli eru tillögur þessar sem hér segir: Ríkisstjórnir ættu að ganga úr skugga um það, að heildareftirspurnin sé ekki meiri (og heldur ekki minni) en þarf til þess að notfæra þá framleiðslu og þjónustu, sem fyrir hendi er, þegar framleiðslugetan er hagnýtt til fulls. Ríkisstjórnir og samtök atvinnurekenda og verkamanna ættu jafnan að ræðast við um eðli launa- og verðlagsmálanna með fulla nýtingu vinnuafslans fyrir augum. Ríkisstjórnir, verkamenn og atvinnurekendur ættu að koma sér saman um nokkur grundvallarmarkmið þ. e. stöðugleika verðlags, hækkun launa í hlutfalli við aukna framleiðslugetu og aðgerðir til þess að tryggja verkamönnum sanngjarnan hluta af iðnaðarframleiðslunni. Innan þessa ramma leggur framkvæmdastjórinn til, að ríkisstjórnir, verkamenn og atvinnurekendur vinni að þessum málum.

Auk þessa máls, sem nú hefur verið dregið á, fjallaði skýrsla framkvæmdastjórans um efnahagsástandið í heiminum og félagsmálaþróunina svo og um starfsemi Alþjóðavinnuástandastofnunarinnar á liðnu ári.

Við umræðurnar um skýrsluna tóku fulltrúar frá 51 landi til máls. Mikill meiri hluti ræðumanna lét í ljós skoðanir sínar á því máli, sem skýrsla framkvæmdastjórans fjallaði sérstaklega um, en sankvæmt venju, sem myndast hefur um þennan dagskrárlið, gerðu ýmsir ræðumenn grein fyrir nýrri lagasetningu og öðrum framförum á sviði félagsmála í sínum löndum.

Það gefur að skilja, að mjög mismunandi skoðanir komu fram hjá ræðumönnum um aðalmál skýrslunnar, enda ekki ráð fyrir því gert, að um það væri hægt að gera neinar ályktanir, en óhætt er að segja það, að meiri hluti ræðumanna aðhylltust þær tillögur, sem settar voru fram í skýrslunni, og getið er hér að framan. Þá kom fram nokkur gagnrýni á Alþjóðavinnuástandastofnunina m. a. frá Austur-Evrópuríkjunum, sem ekki töldu hagkerfi þeirra nægilega mikill gammur gefinn. Þau héldu því og fram, að vígbúnaður Vestur-Evrópuríkja hlyti að leiða það af sér, að framleiðslan til almennings þarfa drægist saman og kjör verkamanna yrnuðu.

Í lok umræðnanna svaraði framkvæmdastjórinn þeirri gagnrýni, sem fram hafði komið og ræddi um ýmsa þætti í starfsemi stofnunarinnar svo sem um tæknilega aðstoð til ríkja, sem stutt eru á veg komin í þróun félagsmála, og um fólksflutninga milli landa. Þá ræddi hann og um verðbólgu, sem mjög hefur gætt í ýmsum ríkjum á síðari árum, og ráð við henni. Að endingu fórust framkvæmdastjóranum orð á þessa leið.

Öll ríki nú á dögum, hvers konar stjórnar- eða hagkerfi sem þau búa við, eiga eitt sameiginlegt markmið, þ. e. að bæta stöðugt lífs- og starfskjör þegna sinna. Þetta sameiginlega áhugamál lengdi þau saman í Alþjóðavinnuástandastofnuninni, en hún leggur mikinn skerf til friðar í heiminum. Stofnunin verður jafnan að láta í té þjónustu við ríki, hvar sem þau eru stödd á þróunarbrautinni eða hvaða stefnu þau aðhyllast á sviði stjórn mála eða efnahagsmála.

2. Fjárhagsmál.

Framkvæmdastjórinn lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 1952, og var hún samþykkt óbreytt. Heildarupphæð hennar var 6 470 639.00 dollarar, og var það nokkru hærra en næsta ár á undan. Nokkrar smávægilegar breytingar voru gerðar á hlutfalli því, sem tillögum aðildarríkjanna er skipt eftir. Ísland greiðir 0.12% heildarupphæðarinnar, og nam árgjald þess fyrir 1952 7 764.77 dollurum.

3. Skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmdir á samþykktum.

Einn þátturinn í starfsemi hvers Alþjóðavinnuástandastofnunarinnar er að rannsaka hvernig framfylgt sé ákvæðum þeirra samþykktu, sem þingið hefur áður gert, og yfirleitt hvernig aðildarríkin fullnægja skyldum sínum að því er snertir samþykktir þingsins.

Hverju aðildarríki er skylt að leggja allar samþykktir Alþjóðavinnuálagingsins fyrir handhafa löggjafarvaldsins. Skal það yfirleitt gert innan eins árs frá slitum þess þings, sem þær gerði, en aldrei síðar en innan átján mánaða frá þingslitum.

Nokkur misbrestur er stundum á uppfyllingu þessa ákvæðis, og að því er tekur til samþykktta þingsins 1949 voru það einungis 17 ríki, sem fullnægðu þessari skyldu algerlega. Eitt þessara ríkja var Ísland. Lagði þingið á það mikla áherzlu, að úr þessu yrði bætt og beindi því til hlutaðeigandi ríkisstjórna, að þær gættu betur framvegis skyldu sinnar í þessu efni.

Þá er einnig nokkur misbrestur á því, að ríkisstjórnir gefi fyrirskipaðar skýrslur um, hversu þær framfylgja samþykktum, sem þær hafa fullgilt, en nokkuð er reynt að bæta úr því með því að þingnefndin, sem um þessi mál fjallar, kallar fulltrúa þeirra ríkja, sem ekki hafa sent skýrslur, á sinn fund til þess að gefa þær upplýsingar sem þurfa þykir.

Allar skýrslur um framkvæmdir á samþykktum eru fyrst lagðar fyrir sérstaka nefnd sérfræðinga, sem gefur skýrslu til þingsins.

4. Markmið og lágmarkskröfur í tryggingamálum.

Á tímabilinu milli heimsstyrjaldanna tveggja hafði Alþjóðavinnuálagið gert nokkrar samþykktir um einstakar greinar almannatrygginga. Eftir heimsstyrjöldina síðari voru samþykktir þessar orðnar úreltar í ýmsum atriðum og þurfti því að taka þær til endurskoðunar.

Var þá horfið að því ráði að gera eina allsherjarsamþykkt um almannatryggingar, er leysa skyldi hinar eldri samþykktir af hólmi. Samþykkt þessi átti að fjalla um allar greinar almannatrygginga, en heimilt átti að vera að fullgilda hana smátt og smátt. Hugmyndin var, að samþykktin skyldi tillata lágmarksákvæði og einnig strangari ákvæði, sem leitast skyldi við að fullnægja. Alþjóðavinnuálagsskrifstofan samdi drög að samþykkt í því formi, sem hér hefur stuttlega verið dregið á og lagði þau fyrir þingið 1951.

Það kom fljótlega í ljós við umræðurnar á þinginu, að fulltrúar verkamanna voru í aðalatriðum fylgjandi efni frumvarps skrifstofunnar, en atvinnurekenda-fulltrúarnir voru því andvígir. Töldu hinir síðarnefndu, að tryggingakerfi, sem næðu til allra, en ekki einungis launþega, væru fyrir utan verksvið þingsins. Einnig töldu þeir það ósamrýmanlegt grundvallarreglum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar að heimila ríkisstjórnnum að velja á milli ákvæða, sem gera mismunandi háar kröfur. Aðhylltust þeir þá aðferð, að gera sérstaka samþykkt um hverja grein trygginganna fyrir sig.

Það reyndist mjög erfitt að samrýma hin ólíku sjónarmið í þessu máli, og var því horfið að því ráði að ræða einungis um lágmarksákvæðin, en fresta hinum þætti málsins til síðara þings. Gengið var frá uppkasti um lágmarksreglurnar og ákveðið, að þær skyldu lagðar fyrir næsta þing til fullnaðarafgreiðslu. Uppkast þetta tók til átta greina trygginganna, þ. e. sjúkrastyrkja, sjúkradagpeninga, atvinnuleysisstyrkja, ellistyrkja, slysatrygginga, fjölskyldubóta, mæðrastyrkja og lífeyris til eftirlífenda. Hvert það aðildarríki, sem hefur komið á hjá sér einhverjum þremur framangreindum þáttum trygginga og fullnægja ákvæðum samþykktarinnar hvað þeim viðvikur, getur fullgilt samþykktina. Að ýmsu leyti öðru er samþykktaruppkast þetta þannig orðað, að litilfjórlegt misræmi milli hennar og lagaákvæða hlutaðeigandi lands getur ekki komið í veg fyrir að hægt sé að fullgilda hana.

5. Samband atvinnurekenda og verkamanna.

Fyrir þinginu lá uppkast að álitserð um heildarsamninga, sem gengið hafði verið frá á þinginu 1950 eins og getið er um í skýrslu félagsmálaráðuneytisins um það þing. Fram komu tillögur um það, að gerð skyldi samþykkt um þetta efni og einnig, að um það yrði gerð samþykkt með álitserð til uppfyllingar. Báðar þessar tillögur voru felldar.

Fulltrúar atvinnurekenda voru andvígir setningu álitserðarinnar og töldu hana skerða frelsi það, sem ríkja ætti um gerð heildarsamninga. Þeir sátu því hjá við atkvæðagreiðslu um hana.

Ekki mun álitserð þessi hafa mikla þýðingu fyrir Ísland, og verður efni hennar ekki rakið hér, en hún er prentuð hér með í fylgiskjali.

Þá var undir þessum dagskrárlið rætt um frjálsar sættir og gerðir, og var samþykkt um það efni álitserð, sem byggð var á uppkasti, sem samið var á þinginu 1950. Álitserð þessi er birt í fylgiskjali með skýrslu þessari.

Að síðustu var svo fyrri umræða um samvinnu milli opinberra stjórnvalda og félagsamtaka atvinnurekenda og verkamanna. Lítil tími vannst til að ræða þennan lið, en gengið var þó frá nokkrum grundvallaratriðum og Alþjóðavinnuálagsskrifstofunni falið að gera uppkast að álitserð um þetta mál.

6. Jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Þetta mál var til fyrri umræðu á Alþjóðavinnuálagþinginu 1951 og voru þá samþykkt nokkur atriði, er skyldu lögð til grundvallar við samningu væntanlegra alþjóðareglna um það. Var Alþjóðavinnuálagsskrifstofunni falið að semja annars vegar frumvarp að samþykkt ásamt álitserð og hins vegar frumvarp að álitserð einni saman, en þingið 1951 skyldi ákveða, hvor hátturinn yrði hafður á afgreiðslu málsins. Nefndin, sem skipuð var á þinginu til þess að fjalla um þetta mál, ákvað, að gerð skyldi um það samþykkt, er fæli í sér aðalreglurnar um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, en um framkvæmdahætti skyldi nánar kveðið á í álitserð. Um þetta atriði urðu þó hörð átök í nefndinni, þar sem fulltrúar atvinnurekenda og nokkrir ríkisstjórnafulltrúar vildu aðeins samþykkja álitserð um málið. Fyrir nefndinni lágu frumvörp, sem skrifstofan hafði samið og byggðust á þeim grundvallarreglum, sem samþykktar voru á þinginu 1950, og athugasemdum, sem horizt höfðu frá ríkisstjórnnum aðildarríkjanna.

Samþykktin skilgreinir orðið „laun“ og kveður svo á, að með huglakinu „jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf“, sé átt við launataxta, sem ekki byggist á greinarmun á kynjum. Í sambandi við síðara atriðið vildu ýmsir fulltrúar atvinnurekenda, að sérstök skilgreining yrði gerð á orðunum „jafnverðmæt störf“ og gerðu ýmsar tillögur í þá átt, einkum að miðað væri við jöfn afköst við þau störf, sem unnin væru af körlum og konum og að mismunur á launatöxtum karla og kvenna, sem byggðist á öðru en kynferði, skyldi ekki talinn brjóta í bág við ákvæði samþykktarinnar um jöfn laun. Tillögur þessar voru felldar.

Samþykktin leggur þeim ríkjum, sem hana fullgilda, þá skyldu á herðar, að koma á samræmi í launagreiðslum til karla og kvenna, og skal beita til þess aðferðum, sem bezt hæfa aðstæðum í hverju landi.

Beitingu grundvallarreglna samþykktarinnar skal tryggja með lögum, reglugerðum eða heildarsamningum eða með aðferðum þessum sameiginlega.

Þar sem það telst nauðsynlegt eða hentugt vegna framkvæmda ákvæða samþykktarinnar, skal framkvæma mat á störfum.

Nefndin leit svo á, að taka bæri tillit til þeirra mismunandi aðferða, sem hafðar eru við ákvörðun launa í hinum ýmsu löndum. Samþykktin ákveður því, að stjórnvöld þau, sem ákveða launataxta, geti ákveðið þær aðferðir, sem fylgja þær við mat á störfum. Séu launataxtarnir ákveðnir með heildarsamningum, geta samningsaðilarnir komið sér saman um þessar aðferðir.

Ríkisstjórnnum þeim, sem fullgilda samþykktina, ber að hafa samstarf við félagsamtök atvinnurekenda og verkamanna um framkvæmd ákvæða hennar.

Álitserðin fjallar um það, hversu framkvæma skuli reglur þær, sem samþykktin setur. Í henni er og kvatt til þess, að konum sé gefin jöfn tækifæri og körlum til að njóta starfsþjálfunar og ráðlegginga í sambandi við starfsval o. fl.

Að lokum er kveðið á um það, að lögð skuli áherzla á að glæða skilning almennings á reglunni um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Þegar skýrsla nefndarinnar kom til umræðu á almennum þingfundi, urðu enn miklar umræður um þetta mál. Kom þá enn fram tillaga frá stjórnarfulltrúum Ástralíu, Bretlands, Danmerkur, Indlands og Svíþjóðar um að breyta samþykktinni í álitserð, en sú tillaga var felld með 103 atkvæðum gegn 68. Við lokaatkvæðagreiðslu um samþykktina greiddu 105 atkvæði með henni en 33 á móti, 40 sátu hjá. Álitserðin var samþykkt með 146 atkvæðum gegn 18, 19 sátu hjá.

8. Lágmarkslaun landbúnaðarfólks.

Á þinginu 1950 fór fram fyrri umræða um aðferðir til að ákveða lágmarkslaun landbúnaðarfólks, en á þessu þingi var gengið frá samþykkt og álitserð um það mál, og byggðust þær á frumvörpum, sem samin höfðu verið í samráði við ríkisstjórnir aðildarríkjanna.

Allir flokkar þingsins voru á einu máli um nauðsyn þess, að setja alþjóðareglur um þetta mál, en þá greindi á um það, í hvaða formi þær skyldu settar. Niðurstaðan varð sú, að gerð var um þetta mál bæði samþykkt og álitserð, eins og áður segir.

Samþykktin kveður á um það, að komið sé á aðferðum til þess að ákveða lágmarkslaun þeirra, sem vinna við landbúnað eða skyld störf, en það er að miklu leyti lagt á vald löggjafans í hverju landi, að ákveða nánar hvernig þetta er framkvæmt. Sérstök áhersla er lögð á það, að samráð sé haft við atvinnurekendur og verkamenn um allar ákvarðanir í þessum málum.

Heimilað er innan vissra takmarka, að laun séu greidd í friðu.

Álitserðin kveður nánar á um ýmis atriði í sambandi við beitingu grundvallarreglna samþykktarinnar.

Samþykktin var afgreidd með 116 atkvæðum gegn 31, 27 sátu hjá. Álitserðin var samþykkt með 131 atkvæði gegn 3, 44 sátu hjá.

9. Orlof landbúnaðarfólks.

Á þinginu fór fram fyrri umræða um orlof landbúnaðarfólks, og var gengið frá frumvörpum að samþykkt og álitserð um það efni.

Aðalefni frumvarpa þessara er, að fólk það, sem þau taka til, skuli eiga rétt á orlofi með launum, en það er lagt á vald þar til bærs stjórnvalds í hverju ríki, hve langt orlofið skuli vera og hve langa samfellda vinnu þurfi til að öðlast rétt til þess. Verkamanninum skulu greidd venjuleg laun hans meðan á orlofi stendur, og hvers konar samningur um afsal orlofsréttar skal vera ógildur.

Í álitserðinni er lagt til, að orlof sé aldrei skenumra en sem svari einni viku fyrir eins árs samfelld starf. Einnig er lagt til, að orlofið lengist með lengdum starfstíma.

10. Ályktanir.

Eins og venja er til var sérstök nefnd skipuð á þinginu til þess að fjalla um tillögur til ályktana, sem bornar eru fram af fulltrúunum utan dagskrár. Alls voru bornar fram níu tillögur til ályktana. Þrjár þessara tillagna voru teknar aftur, en þær fjölluðu um, að haldinn skyldi hátíðlegur dagur Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, skipun stjórnarinnar og að stjórnin gæfi þinginu árlega skýrslu.

Argentínski verkamannafulltrúinn bar fram tvær tillögur, aðra um það, að gefin yrði sérstök yfirlýsing um réttindi verkamanna og önnur um réttindi gamals fólks. Hvorug þessara tillagna hlaut samþykki þingsins, sem taldi þær óþarfar tvítekingar bæði á því, sem komið hefði áður fram í stefnuyfirlýsingu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna.

Frá tékkneska fulltrúanum kom fram tillaga varðandi heimsfriðinn, en sú tillaga náði ekki samþykki, þar sem hún var talin pólitísku eðlis og því ekki falla undir verksvið Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Á sama veg fór um tillögu pólska stjórnarfulltrúans, er var um sama efni.

Fulltrúar ríkisstjórnar og verkamanna í Tékkóslóvakíu báru fram tillögu um að víta frönsku ríkisstjórnina fyrir að banna starfsemi Alþjóðasambands verkamanna (WFTU) í Frakklandi og töldu þeir það vera brot á rétti verkalýðsfélaga og félagafrelsi. Miklar umræður spunnust út af tillögu þessari, en hún var felld á þeim forsendum, að hér væri um mál að ræða, sem Alþjóðavinnuálastofnunin hefði ekki heimild til að láta til sín taka og varðaði einungis franska löggjöf, en væri ekki brot á neinum skuldbindingum, sem Frakkland hefði undirgengið. Það, sem hér var um að ræða, var sú ákvörðun frönsku stjórnarinnar að meina nefndu sambandi að hafa aðalstöðvar sínar í Frakklandi. Hins vegar var frönskum verkalýðsfélögum eftir sem áður heimilt að vera í sambandinu og taka þátt í störfum þess og senda fulltrúa á þing, sem það héldi.

Þá bar pólski fulltrúinn fram tillögu um breytingar á 19. og 35. grein stjórnarskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar að því er snerti skyldur sambandsríkja og nýlenduríkja í sambandi við fullgildingu samþykktar. Tillaga þessi var felld.

Að lokum skal hér getið cinnar ályktunar, sem var samþykkt á þinginu. Fjallaði hún um alþjóðlegan frið og öryggi. Felst í henni staðfesting á þeim fasta ásetningi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar að stuðla að friði með öllum þeim ráðum, sem hún býr yfir og að hún muni hafa samvinnu við Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og Öryggisráðið til að vinna að þessu takmarki og gefa þeim allar þær upplýsingar og aðstoð í því sambandi, sem henni er unnt. Ályktun þessi var samþykkt með 132 atkvæðum gegn 8.

Fylgiskjal.

Samþykktir og álitserðir Alþjóðavinnuálagingsins 1951.

I. Samþykkt nr. 99 um aðferðir til ákvörðunar á lágmarkslaunum við landbúnaðarstörf.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem stjórn Alþjóðavinnuálastofnunarinnar hefur kvatt til funda í Genf og kom saman til þritugustu og fjórðu þingsetu sinnar 6. júní 1951, og hefur ákveðið að gera ákveðnar tillögur varðandi aðferðir til ákvörðunar lágmarkslauna við landbúnaðarstörf, sem er áttunda málið á dagskrá þingsins, og hefur ákveðið, að þessar tillögur skuli gerðar í forni alþjóðasamþykktar, gerir í dag, tuttugasta og áttunda júní árið nítján hundruð fimmtíu og eitt, eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Lágmarkslaunasamþykktina (landbúnaður) frá 1951:

1. gr.

1. Sérhvert aðildarríki Alþjóðasamvinnuálastofnunarinnar, sem fullgildir samþykkt þessa, tekur á sig þá skyldu, að koma á eða viðhalda viðeigandi ráðstöfunum til þess að hægt sé að ákveða lágmarkslaun starfsfólks, sem vinnur landbúnaðarstörf eða störf, sem þeim eru tengd.
2. Sérhverju aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, skal vera frjálst — að höfðu samráði við stærstu félagssamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og verkamanna, þar sem þau eru til, — að ákveða hvaða fyrirtækja, starfa og flokka manna, ráðstafanir þær um ákvörðun lágmarkslauna, sem getið er í fyrri tölu-lið, skuli taka til.
3. Rétt stjórnarvöld geta undanþegið flokka manna öllum eða einhverjum ákvæðum þessarar samþykktar, þegar ráðningarkjör þeirra eru þannig, að ekki er hægt að beita þeim ákvæðum við þá, svo sem t. d. skyldmenni bóndans, sem hjá honum starfa.

2. gr.

1. Með landslögum, reglugerðum, heildarsamningum eða gerðardómum má heimila, að hluti lágmarkslauna sé greiddur í friðu, þegar sá greiðslumáti er venjulegur eða æskilegur.

2. Þegar heimilað er að greiða hluta af lágmarkslaunum í fríðu, skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til tryggingar því:
 - a. að slíkar greiðslur komi starfsmanninum og fjölskyldu hans persónulega að notum og hæfi þörfum þeirra; og
 - b. að matsverð slíkra greiðslna sé rétt og sanngjarnt.

3. gr.

1. Að teknu tilliti til skilyrða þeirra, sem sett eru í eftirfarandi málsgreinum, skal sérhverju aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, frjálst að ákveða þær aðferðir, sem hafðar eru við ákvörðun lágmarkslauna, svo og hvernig þessum aðferðum sé beitt í framkvæmd.
2. Áður en ákvörðun er tekin skulu fara undirbúningsviðræður við stærstu félagssamiök hlutaðeigandi vinnuveitenda og verkamanna, þar sem slík félög eru til, og enn fremur við hverja þá menn aðra, sem til þess eru sérstaklega hæfir vegna starfa sinna eða stöðu og hið rétta stjórnvald telur gagnlegt að hafa samráð við.
3. Hlutaðeigandi vinnuveitendur og verkamenn skulu taka þátt í framkvæmd aðferðanna við ákvörðun lágmarkslauna, samráð hafi við þá eða þeim leyft að láta álit sitt í ljós á þann hátt og í þeim mæli, sem ákveðið kann að vera með landslögum eða reglugerðum, en jafnan á jafnréttisgrundvelli.
4. Lágmarkslaunataxtar þeir, sem ákveðnir eru, skulu vera bindandi fyrir hlutaðeigandi vinnuveitendur og verkamenn, þannig að ekki má fara niður fyrir þá.
5. Rétt stjórnvald getur leyft undanþágur frá ákvæðunum um lágmarkslaun í einstökum tilvikum, þar sem það er nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir skerðingu á atvinnumöguleikum andlega og líkamlega fatlaðra verkamanna.

4. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til tryggingar því, að hlutaðeigandi vinnuveitendum og verkamönnum séu kunngerðir gildandi lágmarkslaunataxtar og laun séu ekki greidd undir þessum töxtum, þar sem þeir eiga við. Þessar ráðstafanir skulu fela í sér eftirlit, umsjón og refsingar, sem kunna að vera nauðsynlegar og hæfa aðstæðum í hlutaðeigandi landi.
2. Nú hefur verkamanni, sem lágmarkstaxtar taka til, verið greidd lægri laun en þessir taxtar ákveða, og skal honum þá, innan þeirra tímatakmarka, sem ákveðnir kunna að vera með landslögum eða reglugerðum, rétt að krefja hina vangreiddu upphæð með lögsókn eða með öðrum viðeigandi hætti.

5. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal árlega senda Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunni almenna skýrslu, er greini með hvaða hætti reglunum er beitt og árangurinn af þeim, yfirlit yfir þær starfsgreinar og áætlaðan fjölda starfsmanna, sem þær taka til, lágmarkslaunataxta, sem ákveðnir hafa verið, svo og aðrar mikilvægar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í sambandi við lágmarkslaunataxta, ef einhverjar eru.

6. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar til skrásetningar.

7. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar, sem hafa látið skrá fullgildingar sínar hjá framkvæmdastjóranum.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

8. gr.

1. Yfirlýsingar þær, sem sendar eru framkvæmdastjóra Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar í samræmi við 2. málsgrein 35. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar, skulu greina:
 - a. landssvæði, þar sem hlutaðeigandi aðildarríki undirgengst, að ákvæðum sam-
þykktarinnar skuli beitt án takmarkana;
 - b. landssvæði, þar sem það undirgengst að beita ákvæðum samþykktarinnar
með takmörkunum ásamt upplýsingum um þær takmarkanir;
 - c. landssvæði, sem samþykktin tekur ekki til og ástæður til þess;
 - d. landssvæði, sem það áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um að lokinni
nánari athugun á aðstæðum.
2. Yfirlýsingar þær, sem nefndar eru í stafliðum a. og b. í 1. tölulið þessarar
greinar, ber að skoða sem óskiptan hluta fullgildingarinnar og hafa sama gildi
og hún.
3. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er ógilt að öllu eða nokkru leyti með
síðari yfirlýsingu fyrirvara þá, sem það hefur gert í upprunalegri yfirlýs-
ingu sinni í samræmi við stafliðina b., c. eða d. í 1. tölulið þessarar greinar.
4. Í hvert skipti, sem segja má samþykkt þessari upp í samræmi við ákvæði
10. greinar, getur sérhvert aðildarríki sent aðalframkvæmdastjóranum yfirlýs-
ingu um hvers konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga
þess, enda lýsi það því ástandi, sem þá ríkir á landssvæðum þeim, sem það kann
að liltaka.

9. gr.

1. Í yfirlýsingum þeim, sem sendar eru framkvæmdastjóra Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar í samræmi við 4. eða 5. málsgrein 25. greinar stjórnarskrár Alþjóða-
vinnu-
málaskrifstofunnar, skal fram tekið, hvort ákvæðum samþykktarinnar
verði beitt til fullnustu eða með takmörkunum á landssvæði því, sem um er
að ræða. Þegar yfirlýsing ber með sér, að samþykktinni skuli beitt með slíkum
takmörkunum, skulu þær greindar í einstökum atriðum.
2. Aðildarríki, eitt eða fleiri, eða fjölþjóðleg stjórnvöld, sem hlut eiga að
máli, geta hvenær sem er með síðari yfirlýsingu ógilt að öllu eða nokkru leyti
áskilinn réttindi til takmarkana, sem fyrri yfirlýsing tiltók.
3. Jafnan þegar hægt er að segja samþykkt þessari upp í samræmi við ákvæði
10. greinar, geta aðildarríki þau, eitt eða fleiri, eða fjölþjóðleg stjórnvöld,
sem í hlut eiga, sent aðalframkvæmdastjóranum yfirlýsingu þess efnis, að
þau dragi að einhverju öðru leyti úr ákvæðum sinna fyrri yfirlýsinga, enda
lýsi þau jafnframt hvernig þá er ástatt um framkvæmd samþykktarinnar.

10. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að 10
árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda
aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík
uppsögn öðlast ekki gildi fyrir en að ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki
innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri málsgrein, rétt
þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni
um annað tíu ára tímabil og upp frá því getur það sagt þessari samþykkt upp
að liðnu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

11. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum skráningu allra fullgildinga, yfirlýsinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingar, sem honum er send, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

12. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til skrásetningar samkvæmt 102. grein stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

13. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktar þessarar og alhuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins umræður um breytingar á henni allri eða hluta hennar.

14. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta hennar, skal:
 - a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju breytinga-samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 10. greinar hér að framan líður, ef hin nýja breytinga-samþykkt öðlast gildi, og þá frá þeim tíma, er það gerðist;
 - b. aðildarríkjunum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja breytinga-samþykkt gekk í gildi; enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, vera áfram í gildi eins og hún er nú að formi til og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hafa fullgilt breytinga-samþykktina.

15. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

II. Álitsgerð nr. 89 um aðferðir til ákvörðunar á lágmarkslaunum við landbúnað.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem stjórn Alþjóðavinnumála-skrifstofunnar hefur kvatt til funda í Genf og kom saman til þriðugustu og fjórðu þingsetu sinnar 6. júní 1951, hefur ákveðið að gera ákveðnar tillögur um aðferðir til þess að ákvarða lágmarkslaun í landbúnaði, sem er áttunda mál á dagskrá þingsins, og hefur ákveðið, að tillögur þessar skuli gerðar í formi álitsgerðar til uppfyllingar samþykkt frá 1951 um aðferðir til þess að ákvarða lágmarkslaun í landbúnaði, samþykkir í dag, tuttugasta og áttunda júní níján hundruð fimmtíu og eitt, eftirlifandi álitsgerð, sem nefna má Álitsgerð frá 1951 um aðferðir til þess að ákvarða lágmarkslaun í landbúnaði.

Þingið leggur til, að sérhvert aðildarríki beiti eftirlifandi ákvæðum eins fljótt og ástæður í hverju ríki leyfa og gefi Alþjóðavinnumálaskrifstofunni, eftir beiðni stjórnarinnar, skýrslu um ráðstafanir, sem gerðar eru til að gefa þeim gildi.

I.

1. Þegar ákveða skal hversu hátt lágmark launa skuli vera, er æskilegt, að nefnd sú, sem það gerir, taki jafnan tillit til nauðsynjarinnar á því, að gera hlutaðeigandi verkamönnum kleift að búa við hæfileg lífskjör.
2. Meðal atriða þeirra, sem taka þer tillit til við ákvörðun lágmarkslauna, eru þessi: framfærslukostnaður; sanngjarnt og skynsamlegt mat á gildi þeirrar þjónustu, sem látin er í lé; laun, sem greidd eru fyrir hliðstæð eða sambærileg störf samkvæmt heildarsamningum í landbúnaði, og það, hve há laun eru greidd fyrir störf í öðrum starfsgreinum, sem krefjast svipaðrar hæfni, á þeim stað, þar sem verkamennirnir hafa nægilega skipulagða félagsstarfsemi.

II.

3. Í hvaða formi, sem ákvarðanir lágmarkslauna í landbúnaði eru gerðar, skulu þær byggðar á rannsóknum á kjörum fólks, sem vinnur við landbúnað og skyldar atvinnugreinar, og samráðum við þá aðila, sem þær skipta mestu máli, þ. e. atvinnurekendur og verkamenn eða aðalfélagssamtök þeirra, þar sem þau eru til. Leita ætti álits beggja aðila á öllum þeim atriðum, sem snerta ákvörðun lágmarkslauna, og skulu álit þeirra tekin fyllilega og jafnt til yfirvegunar.
4. Til þess að tryggja það betur, að farið sé eftir ákvæðum þeim, sem sett kunna að vera um lágmarkslaun, ætti, þar sem aðferðir þær, sem hafðar eru við ákvörðun lágmarkslauna gera það kleift, að veita hlutaðeigandi verkamönnum og atvinnurekendum jafna aðstöðu til þess að taka þeinan og jafnan þátt í framkvæmd þeirra reglna fyrir milligöngu umboðsmanna sinna, sem æltu að vera jafnmargir eða a. m. k. hafa jafnmikið atkvæðamagn.
5. Til þess að fulltrúar þeir, sem eiga að gæta hagsmuna verkamannanna og atvinnurekenda, hvorra um sig, geti notið trausts þeirra, í því tilviki, sem ræðir um í 4. grein hér að framan, æltu hlutaðeigandi atvinnurekendur og verkamenn, eftir því sem ástæður leyfa, að hafa rétt til þess að taka þátt í tilnefningu fulltrúanna. Þar sem til eru félög atvinnurekenda og verkamanna, ætti jafnan að gefa þeim kost á að leggja fram nöfn þeirra manna, sem þau vildu mæla með, að tilnefndir yrðu í nefndir þær, sem ákveða eiga launin.
6. Nú kveða reglurnar um ákvörðun lágmarkslauna á um þátttöku óháðra manna annaðhvort í gerðardómi eða öðrum störfum og skulu þeir þá kosnir úr hópi karla eða kvenna, sem viðurkennt er að hafi hæfileika þá, sem nauðsynlegir eru til starfsins, og hafi engra þeirra hagsmuna að gæta í landbúnaði eða neinum greinum hans, sem leitt gætu til efasemda um hlutleysi þeirra.

III.

7. Ráðstafanir ætti að gera til þess, að endurskoðun á ákvæðunum um lágmarks-laun fari fram á hæfilegum fresti.

IV.

8. Til þess að laun hlutaðeigandi verkamanna séu vernduð á raunhæfan hátt, æltu ráðstafanir þær, sem gerðar eru til tryggingar því, að eigi séu greidd lægri laun en ákveðin hafa verið, að fela í sér:
 - a. aðgerðir til að gera almenningi kunnar gildandi reglur um lágmarkslaun og sérstaklega að hlutaðeigandi atvinnurekendum og verkamönnum séu gerðar þær kunnar á þann hátt, sem bezt hæfir í hverju landi;
 - b. opinbert eftirlit með því, að lágmarkslaunin séu raunverulega greidd; og
 - c. viðurlög við brotum á gildandi lágmarksákvæðum svo og ráðstafanir til að koma í veg fyrir slík brot.
9. Ráða ætti nægilega marga hæfa eftirlitsmenn með valdi, er samsvari því, sem kveðið er á um í samþykktinni frá 1947 um vinnueftirlit. Eftirlitsmenn þessir ættu að gera athuganir meðal hlutaðeigandi atvinnurekenda og verkamanna

lil þess að fullvissa sig um það, hvort laun þau, sem raunverulega eru greidd, séu í samræmi við gildandi lágmarksákvæði og einnig ættu þeir, ef þess gerist þörf, að gera þær ráðstafanir, sem heimilaðar eru, þegar um brot á lágmarksákvæðunum er að ræða.

10. Með það fyrir augum, að gera eftirlitsmönnum kleift að framkvæma skyldustörf sín á raunhæfan hátt, ætli, þar sem það á við, eða er nauðsynlegt, að álitu lögbærs stjórnvalds, að skylda atvinnurekendur til þess að halda fullkomnar og áreiðanlegar skýrslur um laun, sem þeir greiða. Einnig mætti krefjast þess, að þeir leggi fram launabækur verkamannanna eða hliðstæð gögn, er hafi að geyma upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að sannreyna það, hvort laun þau, sem raunverulega eru greidd, séu í samræmi við gildandi ákvæði.
11. Nú hafa verkamenn almennt ekki aðstæður til þess, hver í sínu lagi, að framfylgja, með lögsókn eða viðeigandi aðgerðum, rétti sínum til launa í samræmi við gildandi lágmarksákvæði, og ætti þá að gera þær ráðstafanir aðrar, sem kunna að verða taldar árangursríkar í þessum tilgangi.

III. Samþykkt nr. 100 um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofnunarinnar, sem stjórn Alþjóðavinnuáskrifstofunnar hefur kvatt til funda í Genf og kom saman til þrítugustu og fjórðu þingsetu sinnar 6. júní 1951, og hefur ákveðið að gera ákveðnar tillögur varðandi regluna um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, sem er sjöunda málið á dagskrá þingsins, og hefur ákveðið, að þessar tillögur skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir í dag, tuttugasta og níunda júní árið nítján hundruð fimmlíu og eitt, eftirlifandi samþykkt, sem nefna má Jafnlaunasamþykktina frá 1951:

1. gr.

Í þessari samþykkt —

- a. tekur orðið „laun“ yfir hið venjulega grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun, sem greidd er beint eða óbeint, hvort heldur í fé eða friðu, og vinnuveitandinn greiðir starfsmanninum fyrir vinnu hans;
- b. eiga orðin „jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf“ við launataxta, sem settir eru án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum.

2. gr.

1. Með þeim ráðum, er hæfa þeim aðferðum, sem hafðar eru við ákvörðun launataxta, skal hvert aðildarríki stuðla að því og tryggja það, að svo miklu leyti sem það samrýmist þessum aðferðum, að reglan um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf taki til alls starfsfólks.
2. Þessari reglu skal komið til framkvæmda með:
 - a. landslögum eða reglugerðum;
 - b. ráðstöfunum, sem komið er á eða viðurkenndar eru með lögum, til ákvörðunar á launum;
 - c. heildarsamningum milli vinnuveitenda og verkamanna, eða
 - d. með þessum mismunandi aðferðum sameiginlega.

3. gr.

1. Þar, sem slíkt mundi greiða fyrir því að ákvæðum samþykktarinnar sé framfylgt, skal gera ráðstafanir til þess að koma á óvilhóllu mati á störfum, sem byggist á því að metin sé sú vinna, sem inna skal af hendi.
2. Reglur þær, sem fara þar eftir við þetta mat, geta stjórnvöld þau, sem hafa með höndum ákvörðun launataxta, ákveðið, en þegar taxtarnir eru ákveðnir með heildarsamningum, geta aðilar þeirra ákveðið þær.

3. Mismunur á launatöxtum, er samsvarar mismun, sem ákveðinn er með slíku óhlutdrægu mali á vinnu þeirri, sem leysa ber af hendi, skal ekki talinn fara í bága við regluna um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, enda sé ekki greint á milli kynja.

4. gr.

Eftir því sem við á ætti hvert aðildarríki að hafa samvinnu við hlutaðeigandi vinnuveitenda- og verkamannafélög með það fyrir augum að koma ákvæðum þessarar samþykktar í framkvæmd.

5.—14. gr.

(Samhljóða 6.—15. gr. samþykktar nr. 99 hér að framan).

IV. Álitsgerð nr. 90 um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Allsherjarþing Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar, sem stjórn Alþjóðavinnnumála-skrifstofunnar hefur kvatt til funda í Genf og kom saman til þrítugustu og fjórðu þingsetu sinnar 6. júní 1951, hefur ákveðið að gera ákveðnar tillögur varðandi grundvallarregluna um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, sem er sjöunda málið á dagskrá þingsins, hefur ákveðið, að tillögur þessar skuli gerðar í formi álitsgerðar til uppfyllingar Jafnlauna-samþykktinni frá 1951, samþykkir í dag, tuftugasta og níunda júní nítján hundruð fimmtíu og eitt, eftirfarandi álitsgerð, sem nefna má Jafnlauna-álitsgerðina frá 1951:

Með því að Jafnlaunasamþykktin frá 1951 setur tilteknar almennar grundvallarreglur um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, og

með því að samþykktin kveður á um það, að framkvæmd grundvallarreglunnar um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf skuli efla og tryggja á þann hátt, sem hæfir þeim aðferðum, sem hafðar eru við ákvörðun launa í hlutaðeigandi löndum, og

með því að æskilegt er að benda á tilteknar aðferðir til aukinnar beitingar grundvallarreglna samþykktarinnar, og

með því að það er jafnframt æskilegt að öll aðildarríki hafi, við framkvæmd þessara grundvallarreglna, hliðsjón af framkvæmdaháttum, sem hafa reynzt vel í vissum löndum,

gerir þingið þá tillögu, að sérhvert aðildarríki, að teknu tilliti til ákvæða annarrar greinar samþykktarinnar, komi í framkvæmd hjá sér eftirfarandi ákvæðum og gefi Alþjóðavinnnumálaskrifstofunni, að beiðni stjórnarnefndarinnar, skýrslu um þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til að koma þeim í framkvæmd:

1. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi verkalýðsfélög eða hlutaðeigandi verkamenn, þar sem þau eru ekki til, ætti að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að:
 - a. tryggja framkvæmd reglunnar um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf að því er tekur til starfsfólks alls á skrifstofum ríkisstjórnarinnar og skrifstofum embættismanna og
 - b. hvetja til þess, að reglan sé látin gilda um þá, sem eru í þjónustu ríkisins, fylkis- eða sveitarstjórna, eða umboðsmanna, þar sem þessir aðilar ráða launatöxtum.
2. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi atvinnurekenda- og verkalýðsfélög, ætti að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja það, að reglunni um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf sé komið á svo fljótt sem auðið er í öllum starfsgreinum, öðrum en þeim, sem nefndar eru í fyrstu grein, þar sem launataxtar eru háðir reglugerðum eða opinberu eftirliti, einkum að því, er snertir:
 - a. setningu lágmarkslaunataxta eða annarra launataxta í iðngreinum eða þjónustugreinum, þar sem slíkir taxtar eru ákveðnir af stjórnvöldum;

- b. iðngreinar og fyrirtæki, sem rekin eru af því opinbera eða eru undir eftirliti þess; og
- c. verk, sem framkvæmd eru samkvæmt ákvæðum í samningum hins opinbera, þar sem það á við.
3. (1) Þar sem það á við með hliðsjón af þeim aðferðum, sem hafðar eru við ákvörðun launataxta, ætti með lagasetningu að gera ráðstafanir til þess, að reglunni um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf sé almennt framfylgt.
- (2) Rétt stjórnvöld ættu að gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til tryggingar því, að atvinnurekendur og verkamenn fái fulla vitnesku um slík lagaákvæði og leiðbeiningar um framkvæmd þeirra, þar sem það á við.
4. Þegar það, að loknum viðræðum við félagssamtök hlutaðeigandi verkamanna og atvinnurekenda, þar sem þau eru til, er ekki talið framkvæmanlegt að heita þegar í stað reglunni um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf að því er snertir atvinnu, sem tilgreind er í 1., 2. eða 3. grein, ætti, svo fljótt sem auðið er, að gera eða láta gera viðeigandi ráðstafanir til þess að hún verði smám saman látin koma til framkvæmda, t. d. með því að:
- a. draga úr mismun á launatöxtum karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf,
- b. lála launahækkanir til karla og kvenna, sem vinna jafnverðmæt störf, vera hinar sömu, þar sem stighækkun launa tíðkast.
5. Þar sem það hentar til þess að auðvelda ákvörðun launataxtanna í samræmi við regluna um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, ætti hvert aðildarríki, í samráði við hlutaðeigandi atvinnurekenda- og verkamannafélög, að koma á eða hvetja til þess að komið verði á aðferðum til þess að meta óvilhallt verk það, er framkvæma á, annaðhvort með greiningu á verkinu eða öðrum hætti, með það fyrir augum að störfin séu flokkuð án tillits til þess, hvort þau eru unnin af körlum eða konum. Þessum aðferðum ætti að heita í samræmi við ákvæði 2. greinar samþykktarinnar.
6. Til þess að auðvelda framkvæmd reglunnar um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, ætti, þar sem það er nauðsynlegt, að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að auka afköst kvenna t. d. með því að:
- a. tryggja það, að starfsfólk af háðum kynjum eigi kost sömu eða samsvarandi leiðbeininga um val á starfi eða sömu ráðgefandi aðstoð í sambandi við atvinnu, sama faglærdómi og sömu atvinnumöguleikum;
- b. gera viðeigandi ráðstafanir til að hvetja konur til þess að færa sér í nyt möguleika á leiðbeiningum um val á starfi eða ráðgefandi aðstoð í sambandi við atvinnu, faglærdómi og útvegum atvinnu;
- c. láta í té þá umönnun og félagslega þjónustu, sem vinnandi konur þarfnast, einkum þær, sem hafa húsmóðurskyldum að gegna, og sé slík þjónusta kostuð af almannafé eða af tryggingasjóðum eða sjóðum til umönnunar vinnandi fólki, sem aflað sé fjár með greiðslum, sem inntar eru af hendi vegna starfsfólks án greinarmunar á kynjum; og
- d. stuðla að jafnrétti karla og kvenna til atvinnu eða stöðu án þess að ganga á móti alþjóðlegum reglum, landslögum eða reglugerðum um verndun á heilbrigði og velferð kvenna.
7. Fyllstu áherzlu ætti að leggja á það, að glæða skilning almennings á ástæðunum, sem liggja til þess að koma ætti á reglunni um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.
8. Gera ætti þær rannsóknir, sem æskilegar kunna að vera til þess að stuðla að því, að þessi regla komist í framkvæmd.

V. Álitsgerð nr. 91 um heildarsamninga.

Allherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofnunarinnar, sem stjórn Alþjóðavinnuáskrifstofunnar hefur kvað til fundar í Genf og kom saman til þrítugustu og fjórðu þingsetu sinnar 6. júní 1951, hefur ákveðið að gera tillittekna tillögur varðandi heildarsamninga, sem er þáttur fimmta dagskrárliðs þingsins, hefur ákveðið, að þessar tillögur skuli gerðar í formi álitsgerðar, sem ætlað er til að komið sé í framkvæmd af hlutaðeigandi aðilum eða stjórnvöldum eftir því sem við á í hverju ríki, samþykkir í dag, tuttugasta og níunda júní árið nitján hundruð fimmtíu og eitt, eftirfarandi álitsgerð, sem nefna má Álitsgerðina frá 1951 um heildarsamninga:

I. Fyrirkomulag heildarsamninga.

1. (1) Með samningum eða lögum eða reglugerðum, eftir því hvað við á í hverju landi, ætti að setja reglur um fyrirkomulag á undirbúningi og gerð heildarsamninga, breytingum á þeim og endurnýjun þeirra, eða veita aðilum aðstöðu til að njóta góðs af slíku fyrirkomulagi við undirbúning og gerð heildarsamninga, breytingar á þeim eða endurnýjun þeirra.
- (2) Tilhögun, framkvæmdahættir og hlutverk slíks fyrirkomulags ættu að ákveðast með samkomulagi milli aðilanna, lögum eða reglugerðum, eftir því sem við kann að eiga í hverju einstöku landi.

II. Skilgreining á heildarsamningum.

2. (1) Að því er tekur til þessarar álitsgerðar merkir hugtakið „heildarsamningur“ alla skriflega samninga varðandi starfs- og ráðningarkjör, sem gerðir eru af atvinnurekanda, hópi atvinnurekenda eða einu eða fleiri atvinnurekendafélögum annars vegar og hins vegar af einu eða fleirum verkafélögum eða þegar slík félög eru ekki til, af fulltrúum verkamanna, sem eru rétt kjörnir til þess af þeim og hafa gild umboð þeirra, hvoru tveggja í samræmi við landslög og reglugerðir.
- (2) Ekkert í þessari skilgreiningu má skilja á þann veg, að það feli í sér viðurkenningu á neinu verkalýðsfélagi, sem atvinnurekendur eða fulltrúar þeirra hafa stofnað, ráða yfir eða halda uppi fjárhagslega.

III. Áhrif heildarsamninga.

3. (1) Heildarsamningar ættu að binda þá, sem undirrita þá, og einnig umbjóðendur þeirra manna, sem samningana gera. Atvinnurekendur og verkafólk, sem bundið er af heildarsamningi, ætti ekki að geta sett í vinnusamninga ákvæði, sem eru andstæð ákvæðum heildarsamningsins.
- (2) Ákvæði slíks vinnusamnings, sem eru andstæð heildarsamningi, ætti að telja ógild og í stað þeirra ættu hliðstæð ákvæði heildarsamningsins að koma af sjálfu sér.
- (3) Ákvæði vinnusamnings, sem eru verkamanninum hagstæðari en þau, sem fólgin eru í heildarsamningi, ætli ekki að telja andstæð heildarsamningi.
- (4) Nú tryggja aðilar heildarsamnings, að farið sé raunverulega eftir ákvæðum hans, og skal þá ekki litið svo á, að ákvæði undanfarandi tölulíða krefjist lagalegra aðgerða.
4. Ákvæði heildarsamnings ætlu að taka til alls starfsfólks í hlutaðeigandi stétt, sem vinnur í fyrirtækjum, sem samningurinn tekur til, nema annað sé beinlínis ákveðið í honum.

IV. Útfærsla á gildissviði heildarsamninga.

5. (1) Þar sem það á við með tilliti til ríkjandi venju um gerð heildarsamninga, ætti að gera ráðstafanir, sem ákveðnar væru með lögum eða reglugerðum og hæfa aðstæðum í hverju landi, til að færa út öll eða nokkur ákvæði

- heildarsamninga, þannig að þau nái til allra atvinnurekenda og starfsfólks innan þeirrar starfsgreinar og þess svæðis, sem samningurinn tekur til.
- (2) Með landslögum eða reglugerðum má binda slíka útfærslu eftirfarandi skilyrðum meðal annarra:
- a. að heildarsamningurinn taki þegar til nægilega mikils hluta hlutaðeigandi atvinnurekenda og starfsfólks að dómi þar til bærs stjórnvalds;
 - b. að yfirleitt komi krafan um útfærslu á samningnum frá einu eða fleiri félögum verkamanna eða atvinnurekenda, sem eru aðilar að samningnum;
 - c. að atvinnurekendum þeim og verkamönnum, sem samningurinn mundi laka til, ef hann yrði færður út, sé gefið færi á að gera sínar athugasemdir áður en til útfærslunnar kemur.

V. Skýring heildarsamninga.

6. Deilur, sem rísa út af skýringu á heildarsamningum, skal leggja til sáttu á þann hátt, sem við á og ákveðinn er annaðhvort með samkomulagi samningsaðila eða með lögum eða reglugerðum, eftir því hvað bezt á við aðslæður í hverju landi.

VI. Eftirlit með framkvæmd heildarsamninga.

7. Eftirlit með framkvæmd heildarsamninga æltu þau félög atvinnurekenda og verkamanna, sem eru aðilar slíkra samninga, að tryggja, en ef svo er ekki, ætli það að vera tryggt af nefndum, sem til væru í hverju landi eða settar væru á stofn í þessu skyni.

VII. Ýmis ákvæði.

8. Með lögum og reglugerðum má meðal annars setja ákvæði:
 - a. sem gera atvinnurekendum, sem bundnir eru af heildarsamningi, að skyldu að kunngera hlutaðeigandi verkamönnum efni þeirra heildarsamninga, sem taka til atvinnurekstrar þeirra;
 - b. um skráningu og varðveislu heildarsamninga og allra síðari breytinga, sem á þeim eru gerðar;
 - c. um lágmarkstíma þann, sem talið skal að samningurinn sé bindandi, ef aðilarnir hafa ekki breytt honum eða fellt hann úr gildi áður, enda sé ekki öðruvísi ákveðið í samningnum sjálfum.

VI. Álitsgerð nr. 92 um frjálsar sættir og gerðir í vinnudeilum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnunálastofnunarinnar, sem stjórn Alþjóðavinnunálastofnunarinnar hefur kvatt til funda í Genf og kom saman til þriðugustu og fjórðu þingsetu sinnar 6. júní 1951, hefur ákveðið að gera tiltekna tillögur varðandi frjálsar sættir og gerðir, sem er þáttur fimmta dagskrárliðs þingsins, hefur ákveðið, að þessar tillögur skuli gerðar í formi álitsgerðar, sem ællast er til að farið sé eftir af hlutaðeigandi aðilum eða stjórnvöldum, eftir því hvort á við í hverju landi, samþykkir í dag, tuttugasta og níunda júní árið níttján hundruð fimmtíu og eitt, eftirfarandi álitsgerð, sem nefna má Álitsgerð frá 1951 um frjálsar sættir og gerðir:

I. Frjálsar sættir.

1. Koma ætli á ráðstöfunum, sem hæfa í hverju landi, til þess að aðstoða við að koma í veg fyrir og leiða til lykta vinnudeilur milli atvinnurekenda og verkamanna.
2. Þegar ráðstafanir um frjálsar sættir eru byggðar á sameiginlegum grundvelli, æltu atvinnurekendur og verkamenn að eiga jafnmarga fulltrúa við framkvæmd þeirra.

3. (1) Ráðstafanir þær, sem gerðar eru, ættu að vera ókeypis og framkvæmast skjótt. Frestir þeir, sem landslög kunna að ákveða til sáttaumleitana, skulu ákveðnir fyrirfram og hafðir sem skemmstir.
- (2) Ráðstafanir ætti að gera til þess að greiða fyrir því, að sáttaumleitunir hefjast annaðhvort að frumkvæði annars hvors deiluaðila eða stjórnvalds þess, sem fer með frjálssar sættir, ex officio.
4. Nú hefur deila verið lögð til sátta með samþykki allra aðila, sem hlut eiga að máli, og ætti þá að hvetja þá til að gera ekki verkföll eða verkbönn meðan sáttatilaunir fara fram.
5. Sérhvert samkomulag, sem aðilarnir kunna að komast að meðan á sáttatilaunum stendur eða leiða af þeim, ætti að gera skriflegt, og líta þer á það sem sé það jafngilt samningum, sem gerðir eru með venjulegum hætti.

II. Frjálssar gerðir.

6. Nú er deila lögð í gerð með samþykki allra aðila, sem hlut eiga að máli, í því skyni, að henni sé þar ráðið til lykta, og ætti þá að hvetja aðila til þess að gera ekki verkföll eða verkbönn meðan gerðin fer fram og hlíta henni.

III. Almenn ákvæði.

7. Ekkert ákvæði þessarar álitsgerðar má skýra þannig, að það skerði á nokkurn hátt réttinn til að gera verkföll.